

8. maí 2012

Tilvísun: **2012020008**

Samkvæmt raforkulögum nr. 65/2003 ber Orkustofnun að setja sérleyfisfyrirtækjum, sem flytja og dreifa raforku, tekjumörk. Leiðbeiningum þessum er ætlað að tryggja að rétt aðferð sé notuð við verðleiðréttingu á eignastofni, sem liggur til grundvallar útreikningi arðsemisþáttar tekjumarka og afskriftum innan ársins.

Raforkuflutningur og dreifing hennar eru í eðli sínu náttúruleg einokun sem óhindrað getur leitt til hærra verðs og minni umsvifa en við samkeppni. Af þessum sökum er talið nauðsynlegt að stýra verði með því að setja hámark á leyfðar tekjur. Markmið með setningu tekjumarka er að tryggja að tekjur þeirra séu í samræmi við kostnað við þá þjónustu sem þeim er falið að veita, að teknu tilliti til arðsemi. Tekjumörk byggjast á sögulegum rekstrarkostnaði fyrirtækisins, kostnaði við orkutöp, afskriftum ársins og arðsemi sem reiknast af eignastofni fyrirtækisins. Flutningsfyrirtækinu er skv. 2. tölul. 3. mgr. 12 gr. raforkulaga heimilað að uppfæra eignastofn m.v. breytingar á vísitölu neysluverðs og dreifiveitum skv. 2. tölul. 3. mgr. 17 gr. laganna, en þar segir:

Fastafjármunir þessir skulu vera þeir sem nýttir voru 31. desember 2004 og miðast við bókfært virði þann dag, ásamt nauðsynlegum nýjum fastafjármunum sem hafa komið til eftir þann tíma eða síðar kunna að koma til, afskriftum þeirra og endurmati eins og það er á hverjum tíma. Fjárfestingar skulu teljast til fastafjármuna frá þeim tíma sem fjárfestingin á sér stað. Á grundvelli þessa tölulíðar skal arðsemi ákvörðuð að fengnu mati sérfróðra aðila.

Ofangreind tilvísun þýðir að sérleyfisfyrirtækjum er heimilt að uppfæra eignastofn innan árs samkvæmt útgefinni vísitölu Hagstofu, kjósi fyrirtækið að gera svo. Leyfð arðsemi fyrirtækjanna er margfeldi vegins fjármagnskostnaðar eins og hann er metinn af nefnd sérfróðra aðila og bókfærðs virði fastafjármuna fyrirtækisins eins og þeir voru í upphafi uppgjörárs. Ljóst er að arðsemi fyrirtækisins hækkar til muna ef bókfært verð fastafjármuna sem nýttir voru 31. desember 2004 er leiðrétt með tilliti til verðlagsbreytinga, þar sem verðbólga í íslensku hagkerfi er talsverð. Fyrirtækjum er því heimilt að uppfæra eignastofninn einu sinni á ári hvað varðar fastafjármuni til grundvallar arðsemisþætti tekjumarka samkvæmt útgefinni vísitölu þau áramót, eða mánaðarlega samkvæmt útgefinni vísitölu þar sem endanleg niðurstaða er sú sama.

Annar liður tekjumarka er afskrift ársins. Orkustofnun telur að við útreikning tekjumarka eigi að nota afskrift sem er endurmetin út frá verðlagi hvers mánaðar en ekki verðlagi í árslok. Ef endurmat á afskriftum er sett inn á árslokaverðlagi eins og sum fyrirtækin hafa gert í fortíðinni, þýðir það að afskriftir ársins falla til á öðru verðlagi en bæði tekjur og tekjumörk. Orkustofnun leyfir afskriftir sem eiga sér stað yfir árið af uppfærðum eignastofni, en ekki afskriftir sem koma til yfir allt árið margfaldaðar með verðbólgu ársins. Það þýddi t.d. að leyfðar tekjur vegna afskrifta nóvembersmánaðar væru margfaldaðar með verðbólgu alls ársins, sem gefur hærri niðurstöðu en ef afskriftin er reiknuð miðað við verðlag mánaðarins.

Nákvæmasti kostur sérleyfisfyrirtækjanna er að uppfæra eignastofn sinn mánaðarlega og afskrifa af verðbólguleiðrétttum eignastofni mánaðarlega. Sú aðferð myndi skila, í lok árs, sömu stöðu endurmetins stofnvirðis og bókfærðs verðs og sú aðferð að endurmeta eignir eingöngu einu sinni á ári. Þá á sér stað endurmat á stofnvirði og fengnum afskriftum mánaðarlega þannig að bókfært verð er alltaf í samræmi við mismun endurmetins stofnverðs og endurmetinna heildarfyrninga.

Ef sérleyfisfyrirtæki á ekki kost á að endurmeta mánaðarlega og afskrifa mánaðarlega af verðbættum stofni, er besta stærðfræðilega nálgunin að verðleiðrétta afskriftir ársins samkvæmt meðalverðlagi ársins. Þar til mánaðarleg verðlagsleiðrétting á sér stað á eignastofni og afskriftir metnar mánaðarlega af þeim eignastofni, er það nálgunin sem Orkustofnun fer fram á að verði notuð við verðleiðréttingu á afskriftum.